

Nr. 20-032 S 023 Selfoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 9433456
Útgerð: Eimskip Ísland ehf
Smíðaður: Kína, 2008, stál
Fánaríki: Færeyjar (FAS)
Stærð: 7,464 BT
Mesta lengd: 129,6 m
Breidd: 20,82 m Dýpt: 6,0 m
Vél: MAK, 2008.
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. mars 2020 var Selfoss við lestun og losun gáma á Sauðárkróki. Veður: A 5-8 m/s.

Skipverjar voru á bryggjunni að losa keðjukróka úr hornum á gámafletisbúnti sem voru festir upp í gámagriplu (spreader) á lyftara. Við þetta var gámagriplunni slakað óvænt of mikið með þeim afleiðingum að einn þeirra klemmdi vinstri hendi á milli griplunnar og gámafletisins. Skipverjinn slasaðist á tveimur fingrum og var sendur á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði taldi að stjórnandi lyftarans hafi ekki verið að fylgjast með þeim og/eða ekki haft hugann við það sem hann var að gera þegar hann slakaði gámagriplunni;
- að slasaði taldi stjórnanda lyftarans hafa verið óvanan afleysingarmann;
- að þrír skipsmenn voru við vinnu á bryggjunni og sagði slasaði það venjulegt verklag í höfnum þar sem ekki væru gámakranar í landi og skipskranar því notaðir. Þarna hefðu heldur ekki verið sérstakir hafnarstarfsmenn;
- að stjórnandi lyftarans kvaðst hafa verið með gámagripluna í stærstu stöðu (12 m) og fylgst með öðrum skipverja á hinum endanum. Hann vissi ekkert um slysið fyrr en seinna, þegar lögreglan kom á staðinn;

- að stjórnandi lyftarans sagði að mikil pressa hefði virst vera á áhöfn skipsins við vinnuna á bryggjunni þar sem það var á eftir áætlun. Þá hefði m.a. verið rekið á eftir sér á lyftaranum en hann ekki getað unnið hraðar en tækið;
- að stjórnandi lyftarans kvaðst hafa gripið í þetta starf í u.þ.b. sex ár þegar gámaskip kæmu til hafnarinnar;
- að stjórnandi lyftarans sagði að það væru alltaf menn frá skipinu til að stýra griplunni en þarna hefðu þeir verið komir í starf sem hann sæi venjulega um;
- að eins og fram hefur komið þá var skipið á eftir áætlun en slasaði sagði það ekki hafa haft áhrif á vinnu þeirra og væri alvanalegt;
- að samkvæmt forvarnarfulltrúa í öryggisdeild útgerðar eru störf skipverja í hafnarvinnu í landi ekki skráð í öryggisstjórnunarkerfi skipsins (SMS) enda ekki um staðlað verklag að ræða. Fram kom að útgerðin kannaðist vel við að vinna af þessu tagi færi fram og unnið væri að því að færi þessi störf í öryggisstjórnunarkerfi skipanna.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til samskiptaleysis.

Sérstök ábending:

Nefndin hvetur útgerð til að hraða uppfærslu á öryggisstjórnunarkerfi skipanna, gera áhættumat og skilgreina verklag milli skipverja og hafnarverkamanna.